

Fundur stjórnar - upplýsingar

TG ZA IS JB, fundur á teams, 14. janúar 2021

Rætt um bæturnar, Náttúruhamfaratrygging hefur greitt 120 milljónir fyrir Hafnargötu 31 og Hafnargata 38a

Óljóst er með skemmdir á Vjelsmiðju og Skemmu, matsmenn NTÍ hafa komið og metið stöðu þeirra. Beðið er niðurstöðu þeirra. Óljóst er hvort það megi byggja þarna aftur og er Múlaþing að bíða eftir bráðabirgðaááættumati.

Rústabjörgun er í gangi, dótið er sett í fiskikör í

Það er komið að því að fara í gegnum muni sem bjargað hefur verið og mun Þjóðminjasafnið senda aðila sem munu meta hverju okkur er ráðlagt að eiga eða henda. Stefnt er að því að fá hóp strax í næstu viku. Það þarf að redda geymslum, mögulega gámum þar sem Alcoa á gáma á Reyðarfirði sem hægt væri að fá keypta eða lánaða.

Tillaga að mánaðarlegum stjórnarfundum, fastur fundardagur í mánuði. Fundir verða fyrst til að byrja með aðallega til upplýsinga en síðar til stórra ákvarðana. Lagt til kl 18 á miðvikudögum. Næsti fundur er því 27. Janúar kl. 18.

ZA er að fara á fund bankans á morgun til að fá rafræn skilríki og spyrja um hvernig sé hægt að koma fénu í ávöxtun. Möguleikar verða lagðir fyrir stjórn á næsta fundi stjórnar. Mikilvægt að tryggingarbætur vegna húsa verði ekki notaðar til reksturs.

Tekjurnar núna eru núna 6 milljónir frá Múlaþingi og sumarstarfsmenn. Það er verið að bíða eftir því að fá fund með Múlaþingi. Það vantar svör frá bænum varðandi viðbótarrekstrar. ZA, JB og SV myndu fara. Grunnrekstur er ekki tryggður og því mikilvægt að ræða aukið rekstrarfé til safnsins. Við eigum von á greiðslu styrks upp á 5 milljónir frá MRN.

Rætt um að Múlaþing mun greiða hreinsunina. Hreinsa brak úr skriðum og setja í Bræðsluna. Það er óvíst hver á að hreinsa munina.